

Hópbifreið

# NÁMSKRÁ

fyrir hópbifreiðaréttindi

**FLOKKUR D**  
Farþegaflutningar í atvinnuskyni



  
UMFERÐARSTOFA

Janúar 2005

Umferðarstofa

  
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
kennitala: 550269 - 1639  
sími: 545 8200, bréfasími: 562 1702,  
netfang: postur@sam.stjr.is,  
veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Tilvísun:  
SAM04020091/601  
14. janúar 2005  
BÁB/--

Með tilvísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um öskuskírteini, nr. 501 frá 11. ágúst 1997, staðfestir ráðuneytið hér með eftirtaldir námskrár:

- I. Námskrár fyrir aukin ökuréttindi:
  - a. Námskrá fyrir almennt nám til aukinna ökuréttinda (grunn nám).
  - b. Námskrá fyrir vörubifreiðaréttindi (flokkur C).
  - c. Námskrá fyrir hópbifreiðaréttindi (réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, fyrir flokk D).
  - d. Námskrá fyrir leigubifreiðaréttindi (réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, fyrir flokk B).
  - e. Námskrá fyrir eftirvagnaréttindi (flokkur CE/DE).
- II. Námskrá fyrir eftirvagnaréttindi (flokkur BE).

Námskrárnar eru samdar og gefnar út af Umferðarstofu og voru sendar ráðuneytinu með bréfi, dagsettu 24. maí 2004.

Námskrárnar skulu taka gildi 1. apríl 2005 þó þannig að ökupróf, byggð á ákvæðum þeirra, skulu fara fram frá og með 1. maí 2005. Ökunemar, sem hefja nám í öskuskóla fyrir 1. apríl 2005, mega ljúka prófi samkvæmt eldri námskrá, útgefinni 4. ágúst 1993, fari prófið fram fyrir 1. júní 2005.

  
Sturla Böðvarsson

  
Sigurbergur Björnsson

Námskrá fyrir aukin ökuréttindi  
Framhaldsnám – flokkur D hópbifreið,  
farþegaflutningar í atvinnuskyni

Efnisyfirlit

<b>1. SKIPULAG ÖKUNÁMS</b>	<b>3</b>
1.1 INNGANGUR	3
1.2 MEGINMARKMIÐ	4
1.3 SKIPAN NÁMS	5
<b>2. STÓR ÖKUTÆKI</b>	<b>7</b>
2.1 MARKMIÐ	7
2.2 EFNISÞÆTTIR	7
2.3 KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR	8
2.3.1 Gerð og virkni stórra ökutækja	8
2.3.2 Sérstaða stórra ökutækja	12
2.3.3 Vöru- og hópbifreið sem atvinnutæki	14
2.3.4 Lög og reglur	17
2.4 EFNISTÖK	17
<b>3. FERÐAFRÆÐI</b>	<b>20</b>
3.1 MARKMIÐ	20
3.2 EFNISÞÆTTIR	20
3.3 KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR	21
3.3.1 Þjónusta við farþega	21
3.3.2 Reglur um farþegaflutninga	23

3.3.3 Slysavarnir og björgun	24
<b>3.4 EFNISTÖK</b>	<b>25</b>
<b>4. VERKLEG KENNSLA</b>	<b>26</b>
4.1 MEGINMARKMIÐ	26
4.2 ALMENNAR ÁBENDINGAR TIL ÖKUSKÓLA	26
4.3 KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR	27
4.3.1 Öryggisskoðun ökutækis	27
4.3.2 Sérstakar leikniæfingar	28
4.3.3 Akstur í umferð	28
<b>5. PRÓFLÝSING</b>	<b>30</b>
5.1 PRÓFFERLIÐ	30
5.2 FRÆÐILEGT PRÓF	30
5.3 VERKLEGT PRÓF	31
5.3.1 Munnlegt próf	31
5.3.2 Aksturspróf	32
5.4 PRÓFBIFREIÐIN	33
5.5 PRÓFDÆMING	33
5.6 PRÓFSTAÐUR	34
5.7 TÍMALENGD PRÓFS	34

# 1. SKIPULAG ÖKUNÁMS

## 1.1 Inngangur

Umferðarstofa setur námskrá fyrir hvern flokk ökuréttinda, að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Samgönguráðherra staðfestir námskrá. Námskrá skal kveða á um þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að hafa til að öðlast aukin ökuréttindi.

Nám til aukinna ökuréttinda skal fara fram í ökuskóla sem hefur starfsleyfi Umferðarstofu, sbr. reglugerð nr. 327/1998 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.

Námskrár til aukinna ökuréttinda eru sex, **námskrá fyrir grunnám** og fimm námskrár fyrir framhaldsnám, ein fyrir hvern flokk, **C, D, BE, CE/DE og réttindi á leigubifreið**.

Í námskrá fyrir grunnám eru fyriræli um tilskilið bóklegt nám til undirbúnings framhaldsnáms fyrir aðra flokka. Í námskrám fyrir framhaldsnám eru fyriræli um bóklegt og verklegt nám fyrir réttindi:

- í flokki C, vörubifreið,
- í flokki D, hópþifreið með réttindum til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- í flokki BE, stór eftirvagn fyrir fólksþifreið,
- í flokki (CE/DE), eftirvagn fyrir stór ökutæki og
- til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B (leigubílaréttindi).

## 1.2 Meginmarkmið

Í allri kennslu og þjálfun ökunema sem sækja um aukin ökuréttindi skal hafa það að meginmarkmiði að neminn:

- sé fær um að stjórna stórum ökutækjum sem og þifreiðum til farþegaflutninga í atvinnuskyni með fullri árvekni og af færni, framsýni og öryggi.
- hafi innsýn í og skilning á hættum og erfiðleikum sem stjórnendur atvinnubifreiða mæta í umferðinni og á hvern hátt hann geti stuðlað að betri umferðarmenningu.
- þekki umferðarreglur til hlítar og þekki önnur laga- og stjórnvaldsfyrirmæli er lúta að umferð og ökutækjum.
- kunni góð skil á ökutækjum í þeim flokki ökuréttinda sem hann er að afla sér réttindi til að mega aka og að hann geti fylgst með því að þau sé í öruggu og lögmæltu ástandi og viti hvernig skuli bregðast við bilunum eða göllum sem upp geta komið.
- þekki ýmsa þætti er snerta starf ökumanna á vörubifreiðum, hópþifreiðum eða þifreiðum til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- þekki þá andlega og líkamlega þætti sem takmarka mannlega getu við akstur.
- sýni öðrum vegfarendum ábyrgð og tillitsemi, einkum þeim sem eru berskjaldaðir og varnarlausir í umferðinni. Að hann geri það að metnaðarmáli sínu að vera öðrum góð fyrirmynd í umferðinni.

Þessum markmiðum skal ná með því að nemi stundi fræðilegt og verklegt nám í ökuskóla áður en hann gengst undir próf.

Eftir að hafa sýnt fullnægjandi árangur í prófum hefur hann uppfyllt kröfur um nám og próf til að fá útgefin ökuréttindi til að stjórna þifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópþifreið, eftirvagni þyngri en 750 kg eða þifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni (leigubifreið).

### 1.3 Skipan náms

Námi til aukinna ökuréttinda er skipt í **grunnám** og **framhaldsnám**;

Í **grunnámi** eru kenndar fjórar námsgreinar í alls 52 kennslustundir.

- Umferðarfræði (UF) – 12 stundir.
- Umferðarsálfræði (US) – 12 stundir.
- Bíltækni (BT) – 12 stundir.
- Skyndihjálpi (SK) – 16 stundir.

Eftir grunnám velur nemi þá braut í framhaldsnámi sem varðar þau auknu ökuréttindi sem hann vill öðlast.

Í **framhaldsnámi** eru þessar námsgreinar:

- Stór ökutæki (SÖ) - 32 stundir.
- Ferðafraeði (FF) – 16 stundir.
- Eftirvagnar (EV) – 4 stundir.

Lágmarksfjöldi kennslustunda í fræðilegri og verklegri kennslu til aukinna ökuréttinda má sjá í meðfylgjandi töflu.

Réttindaflokkur	Framhalds nám	Fræðilegt nám alls	Verklegt nám
Vörubifreið flokkur C	SÖ 32	84	12
Hópbifreið flokkur D, farþegaflutningar í atvinnuskyni	SÖ + FF 48	100	12
Eftirvagn flokkur BE	EV 4	4	7
Eftirvagn flokkar CE eða DE	EV 4	88 (CE) 104 (DE)	7
Fólksbifreið flokkur B, farþegaflutningar í atvinnuskyni	FF 16	68	3

Hafi ökunemi öðlast ökuréttindi í flokki C eða D og vill bæta við sig nýjum flokki, D eða C eftir því sem við á, má meta fjóra verklega tíma inn í námið. Hann þarf því að taka a.m.k. 8 verklegar kennslustundir fyrir seinni flokkinn.

Í skipulagi náms til aukinna ökuréttinda er gert ráð fyrir að neminn hafi lokið námi til almennra ökuréttinda og sé handhafi gilds ökuskírteinis.

Ökunemi skal fá þann tíma til ökunáms sem hann þarf til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í námskránni. Miðað er við að hver kennslustund sé 45 mínútur að lengd. Gera verður ráð fyrir að margir nemi þurfi fleiri kennslustundir en hér eru tilgreindar til að ná markmiðum námskrár.

Ökuskóla er heimilt að fjölga kennslustundum umfram lágmarks kennslustundafjölda námsgreinar en slíkt er kröfum ökunámsins óviðkomandi og skal nemum gerð grein fyrir því að kennslustundafjöldi þeirrar námsgreinar sé meiri en námskrá gerir ráð fyrir.

## 2. STÓR ÖKUTÆKI

### 2.1 Markmið

Fjallað er um stór ökutæki, stjórnæki þeirra, bíltæknilega þætti s.s. hemlakerfi, eftirlit með öryggisþáttum og umhirðu sem atvinnubílstjóri verður að geta innt af hendi.

Einnig er farið í grundvallarlögmál við stjórn stórra ökutækja og það hvernig stjórn þeirra er frábrugðin stjórn lítilla bifreiða.

Fjallað er um ökutæki af öllum stærðum sem vinnutæki, umbúnað um farm og notkun fermyngar- og affermyngarbúnaðar svo og um reglur um vöru- og fólksflutninga á vegum og í alþjóðlegri umferð.

Að því er stefnt að neminn:

- *öðlist nægilega þekkingu og kunnáttu á gerð, stjórnækjum og búnaði stórra ökutækja og virkni þeirra til að geta notað þau á öruggan og hagkvæman hátt.*
- *þekki helstu teikn um slit og meiri háttar bilanir í ökutækinu og búnaði þess, einkum öryggisbúnaði og geti gert viðeigandi ráðstafanir.*
- *viti hvernig á að stjórna stórum ökutækjum rétt og örugglega við ólíkar aðstæður og kunnir m.a. reglur um ökurita og aksturs- og hvíldartíma ökumanna.*

### 2.2 Efnisþættir

#### Gerð og virkni stórra ökutækja

- Flokkar stórra ökutækja
- Hemlar í stórum ökutækjum
- Ljós- og merkjabúnaður
- Stýris- og hjólabúnaður

- Eldsneyti og eldsneytiskerfi
- Kæling
- Smurkerfi vélar og smurðir hlutir ökutækis
- Afhrás
- Fjöðrun og burðarvirki
- Öryggisskoðun
- Viðhorf

#### Sérstaða stórra ökutækja

- Mælaborð
- Stór ökutæki í umferðinni
- Gírar og veggrip
- Kraftar og náttúrulögmál
- Ólíkar aðstæður
- Beygjur
- Takmörkuð útsýn
- Ólíkt byggingarlag - lestun

#### Vöru- og hópbifreið sem atvinnutæki

- Vinnuumhverfi
- Farmur
- Flutningur hættulegra efna
- Aksturs- og hvíldartími ökumanna

#### Lög og reglur

### 2.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

#### 2.3.1 Gerð og virkni stórra ökutækja

Neminn þekki flokka stórra ökutækja, stjórnæki og ýmsan búnað þeirra nægilega vel til að geta gert sér grein fyrir hvernig bilanir í öryggisbúnaði gera vart við sig og til að geta sinnt nauðsynlegu eftirliti og umhirðu.

Þegar talað er um ökutæki, búnað þeirra og virkni í þessum kafla er gætt átt við stór ökutæki.

- **Flokkar stórra ökutækja**

Neminn skal:

- þekkja skilgreiningar í lögum og reglugerðum um flokka stórra ökutækja.
- vita hvaða ökuréttindi þarf til aksturs mismunandi flokka ökutækja og reglur um starfsþjálfun ökumanna.

- **Hemlar í stórum ökutækjum**

Neminn skilji uppbyggingu og fyrirbyggjandi viðhald hemla. Hann skal m.a.:

- skilja uppbyggingu lofthemla og vita hverju þarf að halda við í þeim þ.á m. að þekkja til notkunar frostvarnarefna.
- vita hvernig læsivarnarbúnaður (ABS) virkar á lofthemla.
- kunna skil á aflrásarhemlum t.d. útblásturshemlum.
- kunna skil á því sem er frábrugðið í uppbyggingu og notkun vökvaprýstihemla í stórum ökutækjum miðað við slíka hemla í litlum ökutækjum.
- þekkja virkni stöðuhemils.
- þekkja einkenni bilana í hemlum og skilja afleiðingar þeirra.
- kunna skil á ákvæðum í lögum og reglum um hemla.

- **Ljós- og merkjabúnaður**

Neminn skal:

- kunna reglur um ljós- og merkjabúnað og notkun hans (ljóskei, glitaugu og önnur merki).
- kunna vinnureglur til að fylgjast með því að ljósabúnaður sé í lagi og vita hvernig einfalt viðhald fer fram.

- **Stýris- og hjólabúnaður**

Neminn skal:

- vita hvernig stýri á fleiri en einum ás virkar.
- þekkja helstu gerðir hjólabarða þ.m.t. til vetraraksturs og reglur sem gilda um þá.
- vita hvernig á að setja hjól eða keðjur undir og taka af og vita hvaða varúðarráðstafanir þarf að gera.

- **Eldsneyti og eldsneytiskerfi**

Neminn skal:

- kunna skil á eldsneytiskerfi bifreiðar (bensín og dísel) og hvaða hlutum þess þarf að fylgjast með.
- hafa þekkingu á eiginleikum helstu tegunda eldsneytis.

- **Kæling**

Neminn skal:

- vita hvernig kæling bifreiðar fer fram og af hverju hún er nauðsynleg.
- geta útskýrt hvernig greina megji hvort kælikerfi bifreiðar sé í lagi og viti hvernig á að fylgjast með því að kæling sé hæfileg.

- **Smurkerfi vélar og smurðir hlutir ökutækis**

Neminn kunnir skil á smurkerfi bifreiðar, tilgang og virkni þess þannig að hagkvæmur rekstur og góð ending náist. Hann skal m.a.:

- vita hvers vegna er nauðsynlegt að skipta um olíu og síur.
- kunna skil á því hvaða hluta ökutækis þarf að smyrja með feiti.
- hafa þekkingu á smur- og frostvarnarefnum.

- **Aflrás**

Neminn þekki aflrás frá hreyfli bifreiðar út í hjól og vita hvað ber að varast þannig að sem best ending einstakra hluta hennar náist. Hann skal m.a.:

- *þekkja ýmsar gerðir gírkassa og geta útskýrt hvað gildir um gírskiptingu með tilliti til endingar hreyfils og orkunýtingar.*
- *kunna skil á mismunadrifi og læsibúnaði drifs, virkni búnaðarins og hvernig á að nota hann.*

- **Fjöðrun og burðarvirki**

Neminn kunni skil á því hvernig þyngd ökutækisins er færð yfir á akbrautina og þekki einstaka hluta þess kerfis, svo sem hjólabúnað, fjaðrir, höggdeyfa og ása. Hann skal m.a.:

- *þekkja helstu festi- og álagspunkta burðarvirkisins, vita hvaða hlutar þess eru viðkvæmastir og hvernig er hægt að fylgjast með því að þeir séu í lagi.*
- *þekkja tilgang og mismunandi gerðir fjöðrunar og höggdeyfa og geta borið kennsl á bilanir.*

- **Öryggisskoðun**

Neminn geti lýst hvernig öryggisskoðun fer fram og hvernig ökumaður ber sig að og athugar við öryggisskoðun:

- *utan við bílinn áður en akstur hefst*
- *inni í bílnum fyrir akstur*
- *meðan á akstri stendur og þegar stöðvað er*
- *að akstri loknum.*

- **Viðhorf**

Neminn rækti með sér það viðhorf að ökutæki skuli ávallt haldið vel við og skilji jákvæð tengsl þess við rekstrarleg hagkvæmnis- og endingarsjónarmið.

## 2.3.2 Sérstaða stórra ökutækja

Neminn skal þekkja ýmis grundvallarlögmál um akstur stórra ökutækja og sérstöðu þeirra í umferðinni og gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem stór ökutæki geta haft á umferð annarra ökutækja, einkum þeirra sem smærri eru, og óvarinna vegfarenda, svo sem gangandi vegfarenda, hjólreiðafólks, ökumenn bifhjóla og hestamanna.

- **Mælaborð**

Neminn þekki mælaborð; gaumljós, mælabúnað viðvörðunarkerfi og stjórnubúnað. Hann viti hvað gaumljós og mælur segja um ástand ökutækis og kunni að nota stjórnubúnað mælaborðs.

- **Stór ökutæki í umferðinni**

Neminn skal:

- *þekkja áhrif loftsgöms á aðra vegfarendur og aðferðir við að draga úr þeim áhrifum.*
- *kunna öruggar aðferðir við að víkja fyrir ökutæki sem þarf að komast fram úr.*
- *kunna öruggar aðferðir við framúrakstur.*
- *rækta með sér það viðhorf að aldrei megi beita stóru ökutæki í krafti þess að það sé öflugra en lítil ökutæki og óvarðir vegfarendur.*

- **Gírar og veggrip**

Neminn skal:

- *vita hvernig á að nota gíra ökutækisins og veggrip á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt.*
- *rækta með sér það viðhorf að aka á þeim hraða sem stuðlar að auknu umferðaröryggi og góðri endingu ökutækis.*

### • **Kraftar og náttúrulögmál**

Neminn kunni skil á helstu kröftum er hafa áhrif á stjórn ökutækis og samspili þeirra við stærð og hraða ökutækisins. Hann skal m.a.:

- *þekkja samspil hraða og heildarþyngdar ökutækis.*
- *vita hvaða áhrif vindur hefur á stefnu ökutækis og hvernig má bregðast við þeim áhrifum.*

### • **Ólíkar aðstæður**

Neminn skal:

- *þekkja lögmál um akstur ökutækja við ólíkar aðstæður, svo sem á bundnu slitlagi, á malarvegum, í lausamöl, í hálfu, í snjó eða yfir óbrúaða á.*
- *gera sér grein fyrir ýmsum hættum við akstur ökutækja, svo sem þegar vegkantar eru lélegir eða háir eða vatn er á veggi, og vita hvernig heppilegast er að aka við þessar aðstæður.*

### • **Beygjur**

Neminn viti hvernig á að taka beygju á ökutæki þannig að gert sé ráð fyrir lengd og breidd þess, stöðu hjóla og því sem skagar út fyrir. Hann skal m.a.:

- *vita hvernig unnt er að skynja útlínur ökutækis, einkum hægri hlið þess.*
- *kunna og skilja öruggar aðferðir við akstur ökutækis á hringtorgum.*
- *kunna og skilja öruggar aðferðir við stjórnun ökutækis í þéttri umferð og við þröngar aðstæður.*

### • **Takmörkuð útsýn**

Neminn viti hvernig á að aka ökutæki við þær aðstæður að útsýn ökumanns eða þeirra sem eru nálægt því er takmörkuð. Hann skal m.a.:

- *kunna öruggar aðferðir við að bakka stóru ökutæki.*
- *þekkja reglur um útsýn úr stórum ökutækjum, þ.m.t. hvernig ökutæki skuli búin speglum og hvernig á að meðhöndla speglana.*
- *vita hvernig öruggast er að aka í lélegu skyggni.*

### • **Ólíkt byggingarlag - lestun**

Neminn skal:

- *kunna skil á aksturseiginleikum ökutækja með ólíku byggingarlagi, t.d. er varðar staðsetningu stýrðra hjóla og þyngdarpunkt.*
- *þekkja áhrif margs konar farms á stöðugleika og stjórnun ökutækisins s.s. þegar fljótandi efni eða lausavara er flutt og stórir hlutir, svo sem gámar, bifreiðir eða vinnuvélar.*
- *kunna nokkur skil á öruggri meðferð og reglum um tengibúnað fyrir eftirvagna.*

### 2.3.3 **Vöru- og hóp bifreið sem atvinnutæki**

Neminn skal kunna að meðhöndla vöru- og hóp bifreiðir af ýmsum stærðum sem atvinnutæki á öruggan og lögmæltan hátt.

### • **Vinnuumhverfi**

Neminn þekki vinnuumhverfi stjórnanda ökutækis. Hann skal m.a.:

- *þekkja nauðsyn góðra vinnustellinga og t.d. vita hvernig gott vinnusæti á að vera.*



- þekkja ákvæði í lögum og reglum um aðbúnað og öryggi ökumanns svo sem reglur um bílbelti og annan öryggisbúnað.
- kunna skil á góðum venjum og reglum um eldvarnir í ökutækjum.
- kunna að nota fjarskiptabúnað, útvarp, sjónvarp, staðsetningarbúnað sem og annan upplýsingabúnað á öruggan og lögmæltan hátt.
- þekkja reglur um veitingu rekstrarleyfis til þess sem stundar fólks-, vöru- og efnisflutninga í atvinnuskyni og vita hvaða skilyrði umsækjandi um slíkt leyfi þarf að uppfylla.
- kunna að lesa vegakort og velja akstursleið.

#### • Farmur

Neminn þekki góðar venjur um hleðslu ökutækis og frágang og merkingu á farmi ásamt ákvæðum í lögum og reglum þar að lútandi. Hann skal m.a.:

- vita hvernig á að búa um hvers konar farm á öruggan og lögmæltan hátt (s.s. rétt stöflun, festing og yfirbreiðsla).
- þekkja vanda í tengslum við mismunandi tegundir farms (t.d. fljótandi, hangandi, laus efni).
- kunna skil á öruggri meðferð og reglum um fermingar- og affermingarbúnað, svo sem sturtur, krana og vörulyftur.
- vita hvernig á að haga komu/brottför ökutækis að/frá fermingar- eða losunarstað.
- þekkja reglur um þyngd, breidd og hæð farms.
- þekkja reglur um þyngdardreifingu farms á ása ökutækis.
- þekkja reglur um þungatakmarkanir á vegum, skilja hvers vegna þær eru settar og vita hvert á að sækja um undanþágur.

- vita hvers ber að gæta þegar fluttar eru matvörur, t.d. kældar matvörur, og kunna vinnureglur sem stuðla að fyllsta hreinlæti og öryggi í meðferð matvællanna.
- þekkja ákvæði dýraverndunarlaga um flutninga á dýrum.
- þekkja ábyrgð ökumannsins að því er varðar móttöku, flutning og afhendingu vara í samræmi við umsamin skilyrði (samningar og farmskjöl).
- þekkja góðar venjur og reglur um frágang farmskjala, bæði í sambandi við innanlands- og millilandaflutninga.
- kunna merkjagjöf við vinnu og vera meðvitaður um nauðsyn þess að temja sér góðar vinnureglur við fermingu og affermingu ökutækja.

#### • Flutningur hættulegra efna

Neminn kunni skil á meðferð hættulegs farms, svo sem eldfimum efnum og eiturefnum og rækti með sér ábyrgðartilfinningu gagnvart slíkum flutningum. Hann skal m.a.:

- vita hvaða farm þarf sérstök réttindi til að flytja, hvaða reglur gilda um þessi réttindi og hvernig þeirra er aflað.
- þekkja merkingar á hættulegum efnum og reglur þar um.
- vita um mengunarhættu af ýmsum efnum, t.d. olíu.
- vita hvernig á að bregðast við slysum er verða við flutning hættulegra efna og geta veitt skyndihjálp á slysstað.

#### • Aksturs- og hvíldartími ökumanna

Neminn skal:

- vera fær um að nota ökurita og kunna reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.
- þekkja reglur um þungaskatt og notkun ökumæla.

### 2.3.4 Lög og reglur

Neminn þekki helstu atriði í lögum og reglum um vöru- og farþegaflutninga og um stór ökutæki af ýmsum stærðum sem atvinnutæki og geri sér fulla grein fyrir ábyrgð bílstjóra á ástandi og notkun ökutækis á hverjum tíma. Neminn skal enn fremur að kunna að leita upplýsinga til að geta fylgst með því að ökutæki sé í öruggu og lögmæltu ástandi og hvernig unnt er að fylgjast með breytingum á lögum og reglum um búnað og notkun ökutækja.

Þau lög og þær reglur sem átt er við eru aðallega eftirtalið:

- *Reglugerð um vöruflutninga á vegum innan Evrópska efnahagssvæðisins*
- *Reglugerð um gerð og búnað ökutækja.*
- *Reglugerðir um skoðun ökutækja, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ökurita o.fl., hraðatakmarkara, stærð og þyngd ökutækja, merki á skólabifreiðum, flutning á hættulegum farmi, hleðslu, frágang og merkingu á farmi og ökuskírteini.*
- *Auglýsingar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.*
- *Lög og reglugrðir um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.*

## 2.4 Efnistöð

Efni námsgreinarinnar stór ökutæki er tvíþætt. Annars vegar er fjallað um bíltæknilega hluti stórra ökutækja og hins vegar fræðilega undirstöðu aksturs þeirra með áherslu á umferðaröryggi og ábyrgð bílstjóra.

Bíltæknilegu atriði námsins mynda grunn fyrir kennslu um notkun ökutækisins sem er undirstaða verklegrar kennslu og þjálfunar í akstri stórra ökutækja. Með því að kenna í kennslustofu grundvallaratriði er varða t.d. akstur og meðferð farms má auka árangur af kennslu í akstri þar sem

nemendurnir vita orðið talsvert um það hvernig á stjórna stóru ökutæki og hvað ber að varast í tengslum við það áður en kennsluakstur hefst.

Kennt skal um fyrirbyggjandi viðhald svo og viðbrögð við bilunum þegar ökutækið er í notkun. Kennnd skal sú meðhöndlun ökutækis sem stuðlar að hagkvæmum rekstri, góðri endingu og vörnum gegn mengun.

Ökuskólar skulu taka mið af því að um bóklega kennslu er að ræða með hagnýtu markmiði. Því getur einnig verið mjög æskilegt, eftir megni, að kenna sjálf vinnubrögðin verklega.

Kennslan skal samþætt kennslu um hagnýt vinnubrögð og tæknileg atriði en jafnframt skal *Reglugerð um gerð og búnað ökutækja* kynnt stuttlega og gefnar leiðbeiningar um hvernig leita skuli upplýsinga um einstök atriði þeirrar reglugerðar. Í þessari námsgrein sem öðrum verður að líta svo á, að tileinkun nema á þekkingarefni byggist að mestu á heimanámi.

Kafli 2.3.2 er um sérstöðu stórra ökutækja í umferðinni. Ætlast er til þess að nám þetta, sem og annað nám í skólastofunni, verði stutt og elft með notkun hefðbundins námsefnis, myndbanda, margmiðlunarefnis og annars efnis sem unnt er að útvega.

Efni kafla 2.3.3 miðar að því að umferðarlegt öryggi í meðferð farms en einnig á að efla vörubílstjórann sem fagmann við flutninga. Í þessu skyni skal farið yfir eðli mismunandi farms og búnaðar til að lesta og losa hann svo og reglur um það hvernig farmur skal meðhöndlaður þannig að hann valdi hvorki spjöllum (t.d. með því að detta af) né skemmist. Fara skal vel í reglur um notkun ökurita og reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Fjallað skal um eftirvagna og flutning hættulegs farms að því marki að nema sé ljóst hvað honum er heimilt og hvenær þurfi sérstök réttindi til að nota eftirvagna eða flytja hættulegan farm.

Kynna skal lög og reglugerðir sem tengjast atvinnuflutningum að því marki að neminn þekki helstu atriði og kunni að afla sér upplýsinga um einstök atriði og fylgist með breytingum sem kunni að verða á löggjöf.

Flest atriði stórra ökutækja eiga einnig við hóp bifreiðar en ítarlegra efni sem tengjast farþegaflutningum sérstaklega er tekið fyrir í námsgreininni ferðafræði.

## 3. FERÐAFRÆÐI

### 3.1 Markmið

Fjallað er almennt um farþegaflutninga, þjónustuhlutverk og ábyrgð bílstjóra, náttúruvernd, ferðamennsku, mjúkan akstur, rötun o.fl. Sérstök áhersla er lögð á ábyrgð bílstjóra á öryggi farþega sinna. Farið er yfir ákvæði í lögum og reglum um flutning farþega og sérbúnað bifreiða. Loks er fjallað um öryggismál og skyndihjálp rifjuð upp og dýpkuð.

Námsgreinin er fyrir þá sem vilja öðlast rétt til að flytja farþega gegn gjaldi með fólksbifreið eða hóp bifreið.

Að því er stefnt að neminn:

- þekki ákvæði í lögum og reglum um farþegaflutninga, búnað bifreiða til farþegaflutninga, náttúruvernd og skyldur bílstjóra.
- kunni leiðir til að veita vandaða þjónustu og tileinki sér góða framkomu gagnvart farþegum sínum og öðrum.

### 3.2 Efnisþættir

#### Þjónusta við farþega

- Venjur og reglur
- Rötun
- Náttúruvernd og ferðamennska
- Gjaldtaka af farþegum
- Erlend orð

#### Reglur um farþegaflutninga

- Reglur um farþegaflutninga í atvinnuskyni
- Aðbúnaður farþega
- Fjarskipti o.fl.

### Slysavarnir og björgun

- Eldsvoðar og afleiðingar
- Björgunarstarf

## 3.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

### 3.3.1 Þjónusta við farþega

Neminn skal kunna að veita farþegum góða þjónustu.

#### • Venjur og reglur

Neminn skal:

- *kunna skil á góðum venjum og reglum um umgengni við farþega.*
- *tileinka sér jákvætt viðhorf í garð farþega.*
- *sýna skilning á mikilvægi liprar þjónustu við viðskiptavinum og kunna að koma fram við farþega af kurteisi og einurð.*
- *gera sér grein fyrir tengslum vandaðrar þjónustu og viðskiptavildar í garð fyrirtækisins sem bílstjórinn vinnur hjá.*
- *kunna skil á góðum venjum og reglum um það hvernig á að umgangast sérstaka hópa farþega, svo sem skólabörn, aldraða og fatlaða.*
- *kunna úrræði til að leysa vanda sem upp kann að koma í samskiptum við farþega.*
- *tileinka sér það viðhorf að nauðsynlegt sé að vera vel fyrir kallaður og snyrtilega til fara við akstur með farþega.*

#### • Rötun

Neminn skal:

- *kunna að nota kort og kennileiti til að rata.*

- *vita hvernig auðveldast er að rata um gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins og annarra stórra þéttbýlisstaða.*
- *vita hvernig hann getur kynnt sér hvar ýmsar opinberar byggingar, sjúkrahús, söfn, veitingastaðir o.fl. staðir eru.*

#### • Náttúruvernd og ferðamennska

Neminn skal:

- *þekkja tilgang og staðsetningu friðlýstra svæða á Íslandi.*
- *vita hvað bílstjóri getur gert til að koma í veg fyrir spjöll á náttúru og umhverfi.*
- *gera sér grein fyrir skyldum og möguleikum bílstjóra til að tilkynna brot á náttúruverndarlögum.*
- *vita hvernig unnt er að kynna sér hvar á landinu landverðir og skálaverðir starfa.*
- *kunna skil á ferðamennsku sem atvinnugrein.*
- *gera sér grein fyrir hlutverki hópbifreiða og leigubifreiða í uppbyggingu ferðaþjónustu.*

#### • Gjaldtaka af farþegum

Neminn skal:

- *þekkja reglur um gjalddöku af farþegum og skyldar reglur.*
- *kunna skil á reglum um ávísanir, greiðslukort og önnur greiðsluform sem ætla má að viðskiptavinir muni nota.*
- *kunna skil á tryggingum farþega.*

#### • Erlend orð

- *Neminn skal kunna skil á orðum úr erlendum tungumálum, einkum ensku, er ætla má að komi upp í starfi bílstjóra við farþegaflutninga, a.m.k. orð er varða öryggisatriði, tímaáætlun, ákvörðunarstað og fargjald.*

### 3.3.2 Reglur um farþegaflutninga

Neminn skal kunna skil á þeim atriðum er þarf að þekkja til að geta notað hópþifreið sem atvinnutæki og skilji tilgang ákvæða í lögum og reglum þar að lútandi.

- **Reglur um faregaflutninga í atvinnuskyni**

Neminn skal:

- þekkja reglur um sérþúnað og merkingar hópþifreiða t.d. skólabifreiða og leigubifreiða.
- vita hverjar eru skyldur sérleyfishafa, bílstjóra og annarra er við farþegaflutninga starfa.
- þekkja skilyrði starfsleyfa og þær reglur sem gilda um þau.
- þekkja meðferð farmiða og skjala.
- þekkja reglur um öryggisþúnað ökumanns og farþega s.s. notkun öryggisbelta og sérstaks þúnaðar fyrir börn.
- þekkja helstu atriði laga og reglugerða um farþegaflutninga.

- **Aðbúnaður farþega**

Neminn skal:

- þekkja reglur og góðar venjur um aðbúnað farþega, upphitun, loftræstingu, reykingar, hreinlæti og þess háttar í bifreiðum til farþegaflutninga.
- þekkja reglur um neyðarútganga, slökkvitæki, sjúkrakassa og annan öryggisþúnað bifreiða.
- vita hvernig á að rýma bifreið á sem skemmstum tíma.
- kunna aðferðir við „mjúkan akstur“ á bifreiðum til fólksflutninga og rækti með sér viðhorf um að slíkur akstur sé nauðsynlegur í farþegaflutningum.

- **Fjarskipti o.fl.**

Neminn skal:

- kunna grundvallaratriði er varða fjarskipti í farþegaflutningum, svo sem um notkun farsíma, talstöðva og leiðsögukerfa.
- þekkja eðlilegar venjur er varða notkun útvarps og sjónvarps, og kunna að nota þessi tæki á öruggan og lögmæltan hátt.

### 3.3.3 Slysavarnir og björgun

Neminn skal rifja upp og auka þekkingu sína í slysavörnum og skyndihjálpi í þeim tilgangi að geta sem bílstjóri við farþegaflutninga brugðist skynsamlega við á slysstað.

- **Eldsvoðar og afleiðingar**

Neminn skal:

- kunna skil á orsökum eldsvoða í bifreiðum og vita hvernig unnt er að koma í veg fyrir slíka eldsvoða.
- kunna skil á mismunandi gerðum slökkvitækja og notkun þeirra sem eru í bifreiðum.
- kunna skil á eldfimum efnum í bifreiðum.
- vita hvað ber að gera til að koma í veg fyrir reykeitrún og hvernig á að bregðast við afleiðingum hennar.

- **Björgunarstarf**

Neminn skal:

- þekkja uppbyggingu björgunar- og leitarkerfis á Íslandi og vita hvernig á að koma beiðnum um aðstoð til skila.
- vita hvernig á að ná sambandi við neyðarlínu, lögreglu, björgunarlið eða almannavarnir.
- vita um viðbragðsaðila s.s. heilsugæslu.
- kunna að undirbúa vettvang fyrir björgun.

### 3.4 Efnistöð

Áhersla skal lögð á skilning á því að farþegaflutningar eru þjónustustarf þar sem bílstjórar gegna veigamiklu hlutverki. Þjónusta og flutningur farþega lýtur að nokkru öðrum lögmálum en flutningur farms og því þarf hér að útvíkka efni um þjónustu sem farið er yfir í umferðarsálfræði.

Í kafla 3.3.2 er fjallað um reglur um farþegaflutninga. Mikilvægt er að neminn geri sér grein fyrir að aðbúnaður farþega þurfi að vera í fyrirrúmi. Einnig þurfi akstur að vera mjúkur og að farþeginn fynni sig öruggan.

Gert er ráð fyrir að neminn hafi lokið fullgildu námskeiði í skyndihjálpi áður en ferðafræði er kennd. Í kafla 3.3.3 er fjallað um björgunarstarf í þeim tilgangi að dýpka og bæta þekkingu nemans í sérstökum aðstæðum sem bílstjóri í farþegaflutningum gæti lent í. Leggja ber ríka áherslu á ábyrgðarhlutverk atvinnubílstjórans í farþegaflutningum.

## 4. VERKLEG KENNSLA

### 4.1 Meginmarkmið

Eftir kennsluakstur skal neminn:

- sýna leikni í að stjórna hópþreifð í umferð við fjölbreyttar og krefjandi aðstæður með sem mestu öryggi, framsýni og í samræmi við fyrirmæli umferðarlaga og reglna.
- þekkja og geta metið hættur sem og vísbendingar um aðsteðjandi hættur í umferðinni og bregðast rétt við þeim.
- kunna að útfæra umferðarlög og reglur við hagnýtar aðstæður (þ. e. í umferðinni) og geta með eigin orðum útskýrt ákvæði í lögum og reglugerðum er snerta umferð og búnað ökutækja.
- sýna getu í hagnýtum atriðum, svo sem eftirliti með slithlutum og forðabúrum.
- temja sér mjúkan akstur þannig að sem best fari um farþega.

### 4.2 Almennar ábendingar til ökuskóla

Í kennslumarkmiðum og prófkröfum hér á eftir eru sett fram lágmarksviðmið sem ökunemar þurfa að standa skil á. Ökuskólar og ökukennarar skulu gera vandaða áætlun um kennsluakstur almennt og aðlaga hana síðan að þörfum hvers nemanda eftir því sem námi hans vindur fram til að markmið um þekkingu, leikni og færni náist. Hver verkleg kennslustund skal undirbúin af kennara með nema þannig að ljóst sé hvað sé verið að þjálf. Á sama hátt ber að meta árangur hvernar kennslustundar. Kennslustundir í akstri ber að skrá jafnóðum í ökunámsbók.

Bent skal á að akstursreynsla nemenda tryggir að ekki þarf að æfa allt frá grunni eins og í undirbúningi undir próf til almennra ökuréttinda á bifreið. M.a. þess vegna er mikilvægt að kennsluáætlun sé miðuð við þarfir hvers einstaklings. Akstursreynsla á öðrum gerðum ökutækja á að tryggja að nemi þekki umferðarlög og reglur, geti metið áhættu, þekki umferðarmerki, vegmerkingar, hljóðmerki, ljósmerki o.s.frv.

Kennslustundir skulu vera að lágmarki 12 en 8 ef ökuneminn hefur réttindi á vörubifreið.

Fyrstu ökutímar á stór ökutæki skulu fara fram á afmörkuðu svæði, sem ekki eru opin fyrir almennri umferð. Tryggja verður vissu grunnleikni í stjórn ökutækisins áður en akstur er þjálfður í umferð.

Ökukennari þarf undir öllum kringumstæðum að kanna skilning nemans á umferðarlögum, -reglum og áhættumat sérstaklega út frá beitingu þessa við raunverulegar aðstæður í umferðinni. Kennsluáætlun skal miða við þessi markmið.

### 4.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

Við aksturskennslu fyrir flokk D, hópþifreið, skal leggja áherslu á að neminn sýni mjög góða þekkingu og hæfni í akstri. Neminn geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir akstri með farþega í atvinnuskyni og líti á akstur í umferð sem félagslegt samspil við aðra vegfarendur. Kröfur til þessa réttindaflokks eru meiri en til nokkurs annars.

#### 4.3.1 Öryggisskoðun ökutækis

Neminn á að geta undirbúið akstur hópþifreiðar og framkvæmt tæknilegt eftirlit með tilliti til umferðaröryggis og á þannig m.a. að vera fær um að:

- *stillta sæti baksýnispegla, öryggisbelti og höfuðpúða ökumanns ef um slíkt er að ræða.*

- *athuga hemla, stýri, hjól, hjólbarða, felgurær, aurbretti, framrúðu, rúður og rúðupurrkur, merkjabúnað, vökva (t.d. vélarolíu, kælivökva, rúðuvökva), loftþrýsting, loftgeyma og fjöðrunarbúnað, athuga og kunna að nota mælaborð og annan búnað við vinnustöð ökumanns.*
- *gera sérstakar öryggisráðstafanir varðandi ökutækið: athuga farmrými, dyr, neyðarútganga, öryggisbelti, skyndihjálparbúnað, slökkvitæki og annan öryggisbúnað.*
- *lesa vegakort og velja akstursleið.*

#### 4.3.2 Sérstakar leikniæfingar

Neminn skal vera fær um að:

- *taka beygju aftur á bak fyrir horn, úr beinni stöðu og aftur í beina stöðu.*
- *stöðva hópþifreið af öryggi við staði þar sem farþegar geta farið inn og út úr þifreiðinni af fullu öryggi.*
- *leggja og ganga frá hópþifreið á öruggum stað, með öruggum hætti og án hættu fyrir umhverfið.*

#### 4.3.3 Akstur í umferð

Neminn skal m.a. vera fær um að:

- *aka út úr stæði, aka af stað eftir að hafa numið staðar í umferð og aka út úr heimreið.*
- *aka eftir beinum vegum, mæta ökutækjum sem koma úr gagnstæðri átt, þar á meðal við þröngar aðstæður.*
- *aka í beygjum.*
- *aka um allar gerðir gatnamóta, að þeim og yfir þau og útúr.*
- *breyta akstursstefnu: beygja til hægri og vinstri, skipta um akrein.*

- *aka inn á eða út af vegum með mismunandi leyfðan hámarkshraða, aka inn í umferð frá aðrein, aka inn á frárein.*
- *aka fram úr öðrum ökutækjum í umferð, aka meðfram hindrunum, til dæmis ökutækjum sem hefur verið lagt, láta önnur ökutæki í umferðinni aka fram úr.*
- *aka um sérstök umferðarmannvirki s.s. biðstöðvar fyrir strætisvagna, gangbrautir, upp og niður langar og brattar brekkur, þrönga vegi, jarðgöng o.fl.*
- *hemla mjúkt og nauðhemla.*
- *aka á malarvegum og þjóðvegum við mismunandi aðstæður.*
- *gæta viðeigandi varúðarráðstafana þegar farið er inn í eða út úr hópþreifi, hún stöðvuð eða henni lagt.*
- *sýna aksturshætti sem stuðla að hagkvæmni í rekstri ökutækisins og verndun umhverfis vegna mengunar.*

Í öllum atriðum hér að ofan er miðað við að þau geti átt sér stað í margbreytilegri umferð. Neminn skal sýna mikla leikni, þekkingu og framsýni um leið og fyllsta öryggis er gætt og allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir eru viðhafðar.

## 5. PRÓFLÝSING

### 5.1 Prófferlið

Tilgangur ökuþrófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskrá.

Ökuþróf til aukinna ökuréttinda skiptist í tvo hluta; fræðilegt þróf og verklegt þróf.

Umsækjandi skal hafa staðist fræðilega prófið áður en verklegt fer fram. Hann skal hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst fræðilega prófið.

Að loknu hverju prófi tilkynnir prófdómari próftaka hvort hann hafi staðist þróf. Að jafnaði skal upplýsa próftaka strax að loknu prófi um þær villur sem hann gerði í prófinu.

Standist próftaki ekki þróf má hann gangast undir þróf að nýju að viku liðinni.

### 5.2 Fræðilegt þróf

Fræðilegt þróf er framkvæmt í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga er prófað á vegum ökuskóla úr atriðum námskrár í umferðarfræði, umferðarsálfræði, bíltækni og skyndihjálpi. Neminn þarf að standast slíkt þróf og ljúka viðeigandi námsgreinum framhaldsnáms til að gangast undir seinni áfanga þrófsins sem er opinbert þróf á vegum Umferðarstofu.

Nánari upplýsingar um opinber fræðilegt þróf má finna í námskrá fyrir grunnnám í kafla 7.3.



### 5.3 Verklegt próf

Tilgangur verklegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu, athygli og færni sem þarf til að aka hópbifreið í umferð af fullu öryggi fyrir hann sjálfan, farþega hans og aðra vegfarendur án stuðnings ökukennara.

Í upphafi prófs kannar prófdómari skilríki próftakans og útskýrir hvernig prófið gengur fyrir sig. Hann fer yfir staðfestingar og skýrslur um nám í ökunámsbók og kannar ástand prófbifreiðar ef ástæða þykir til.

Verklega prófið er tvíþætt, munnlegt próf og aksturspróf. Próftaki þarf að standast munnlegt próf áður en aksturspróf getur hafist. Að loknu verklegu prófi gefur prófdómari áritun sína til staðfestingar á því að próftaki hafi staðist próf.

Óheimilt er að notast við túlk í verklegum prófum til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

#### 5.3.1 Munnlegt próf

Í munnlegu prófi er að kannað hvort próftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði ökutækisins og skilning á hlutverki ökumanns hópbifreiðar að hann geti:

- undirbúið akstur af öryggi,
- greint galla eða bilanir er fram kunna að koma og máli skipta um öryggi og
- haldið henni þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem gera hana óörugga í akstri eða auka verulega rekstrarkostnað hennar.

Prófdómari leggur fyrir munnlegt próf af spjaldi sem próftaki dregur.

Munnlegt próf er lagt fyrir próftaka í eða utan við bifreið á undan akstursprófi. Í munnlegu prófi skal spyrja próftaka um efni er varða stjórnæki, öryggisbúnað og öryggisskoðun bifreiðar.

Eftirfarandi atriði skal próftaki geta svarað spurningum um eða eftir atvikum sýnt hvernig eigi að framkvæma:

- Mælaborð, stjórnæki og annan búnað við vinnustöð ökumanns
- Öryggisbúnaður ökumanns og farþega
- Öryggisskoðun - öryggiseftirlit bifreiðar
  - utan við bifreið áður en akstur hefst
  - inni í bifreið fyrir akstur
  - með reynsluakstri
  - meðan á akstri stendur
  - þegar stöðvað er eftir akstur
  - að akstri loknum
- Sérbúnaður hópbifreiða og eldvarnir
- Heppilegar aðferðir við að hleypa farþegum út
- Að rýma hópbifreið við neyðaraðstæður.

Prófið tekur ekki minna en fimm til tíu mínútur og samanstendur af fimm spurningum. Próftaki skal svara þeim öllum rétt en stenst próf þótt svar við tveimur spurningum sé ekki fullkomið. Próftaka er strax tilkynnt niðurstaða munnlegs próf.

#### 5.3.2 Aksturspróf

Að stöðnu munnlegu prófi fer aksturspróf fram samkvæmt próflýsingu og undir stjórn prófdómara.

Í akstursprófi má prófdómari eingöngu hafa afskipti af stjórn bifreiðar af umferðaröryggisástæðum. Hann skal eftir því sem unnt er láta próftaka ótruflaðan en fylgjast þeim mun betur með akstursháttum hans, gæta að hvort hann fer eftir umferðarreglum og hvort hann ekur af fyllsta öryggi miðað við aðstæður. Prófdómari skal fylgjast með öllum vísbendingum um athygli og framsýni próftakans í umferðinni og viðbrögðum hans við hugsanlega aðsteðjandi hættum.

Nauðsynlegar ábendingar og fyrirmæli ber prófdómara að gefa greinilega og í tæka tíð þannig að próftaka gefist ráðrúm til að skilja þær og fara eftir þeim. Prófdómari má ekki gefa fyrirmæli sem leiða myndu til brota á umferðarreglum ef hlýtt væri.

Í akstursprófi er prófað úr atriðum sem koma fram í verklegum hluta kennslu, *kennslumarkmið og prófkröfur*, en þau atriði tengjast:

- undirbúningi aksturs og frágangi bifreiðar,
- tæknilegri leikni á bifreið og
- hæfni í umferðinni, öryggi, framsýni, athygli, tillitssemi við aðra vegfarendur og fylgni við umferðarreglur.

Hafi próftaki staðist prófið undirritar próftaki og prófdómari prófgögn þar að lútandi. Fullfrágengin ökunámsbók verður eftir í höndum prófdómara.

## 5.4 Prófbifreiðin

Við aksturspróf skal nota viðurkennda kennslubifreið, án sjálfskiptingar, sem próftaki leggur til. Bifreiðin má ekki vera merkt eða auðkennd sem kennslubifreið. Bifreiðin skal vera þrífaleg og með gilda skoðun. Fylgja skal fyrirmælum í III. viðauka reglugerðar um ökuskipteini, nr. 501/1997, um ökutæki sem notuð eru til ökukennslu og við verklegt próf.

## 5.5 Prófdæming

Einn prófdómari er í munnlegu prófi og akstursprófi sem stjórnar prófi og dæmir próf ásamt öðrum meðprófdómara. Próftaki má vera viðbúinn því að fleiri aðilar á vegum Umferðarstofu sitji sem farþegar í hóp bifreiðinni meðan á akstursprófi stendur.

Við mat á villum í verklegu prófi skal unnið eftir viðmiðunarkvarða akstursprófa hóp bifreiða. Viðmiðunarkvarðinn er gerður í samráði við Ökukennarafélag

Íslands og segir til um hvað telst villa og hversu alvarleg hún er.

Við matið skal prófdómari huga sérstaklega að því hvort próftaki aki af færni og gætni, í samræmi við stærð og gerð hóp bifreiðarinnar, sýni framsýni og athygli og taki tillit til annarra í umferðinni. Með þessu móti er hægt að meta aksturinn í heild og prófdómari á að taka tillit til þessa í heildarmati á próftakanum. Þetta tekur til aðlögunarhæfnis og einbeitingar (öryggis) í akstri. Ennfremur til þess að taka tillit til ástands vegar, veðurskilyrða, til annarrar umferðar, hagsmuna annarra vegfarenda (einkum þeirra sem minna mega sín) og þess að vera við öllu búinn.

## 5.6 Prófstaður

Akstur í umferð skal fara fram við sem fjölbreyttastar aðstæður á vegum í dreifbýli og þéttbýli sem og götum í þéttbýli með mismunandi leyfðum hámarkshraða. Taka skal mið af því að skilyrði til aksturs séu dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna.

## 5.7 Tímalengd prófs

Lengd prófsins og vegalengdin, sem farin er, skal vera nægileg til að hægt sé að meta þá hæfni og hegðun sem mælt er fyrir um í námskrá þessari.

Próftími miðast við 75-80 mínútur. Aksturstími í umferð má aldrei vera skemmri en 60 mínútur. Til aksturstíma í umferð má ekki telja tíma sem varið er til annarra þátta s.s. móttöku próftakans, undirbúning ökutækisins, tæknilega athugun á ökutækinu með tilliti til umferðaröryggis (öryggiseftirlit), munnlegt próf, sérstakar æfingar né kynningu á niðurstöðu verklega prófsins.

# Innihald og áfangar bóklegs náms til aukinna ökuréttinda Viðmiðunartafla

Taflan sýnir fjölda kennslustunda í bóklegu námi til aukinna ökuréttinda. Hver kennslustund er 45 mínútur að lengd. Gert er ráð fyrir að bóklegu námi til almennt á ökuréttinda (flokkur B) sé lokið.

Skamm- stöfun	Námsgreinir Námsþættir	C Vörubíll	D Hópbíll	L Leigubíll	BE/CE/DE Eftirvagn
UF	Umferðaræði	12	12	12	
US	Umferðarsálfæði	12	12	12	
SK	Skynndhjálp	16	16	16	
BT	Biltækni	12	12	12	
SÖ	Stór ökutæki	32	32		
FF	Ferðaræði		16	16	
EV	Eftirvagnar				4
	Kennslustundir alls:	84	100	68	4
	Kennslustundir í akstri:	12	12	3	7

Umferðarstofa, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Sími: 580 2000 - fax: 580 2003

Vefsíða: [www.us.is](http://www.us.is) - netfang: [okuprof@us.is](mailto:okuprof@us.is)